



Skipverji slasast

Mál nr.: 2024-060-S-026 Sólborg RE 27

Dagsetning: 5. september 2024

Staðsetning: Út af Vestfjörðum

Atvik: Veiðarfæri klemmir skipverja

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 5. september 2024 var Sólborg RE 27 að veiðum á Hornbanka norður af Horni. Veður var suð-vestan og vestan 18-25 m/sek en ekki mikill sjór eða um þrjú metrar.

Skipið fékk á sig hnút með þeim afleiðingum að tveir skipverjar slösuðust þegar veiðarfærið rann til og á mennina. Annar fékk mikið högg á hné og var talið að hann væri mikið slasaður. Eftir samráð við vakthafandi lækni Landhelgisgæslunnar var ákveðið að sigla með þá slösuðu til Ísafjarðar.

1. Helstu staðreyndir

Sólborg RE 27

Skipaskrár nr.: 3013

Útgerð: Brim hf.

Smíðaður: Langsten Slip & Båtbyggeri A/S,
Noregi, 1988

Stærð: 2707 BT

Mesta lengd: 75,9 m

Breidd: 13,0 m

Vél: WARTSILA, 3000 kW, 1987

Fjöldi skipverja: 26



Gögn:

RNSA

Landhelgisgæslan

2. Atvikalýsing

Þann 5. september.2024 var Sólborg RE 27 að veiðum á Hornbanka norður af Vestfjörðum. Veður var suðvestanátt, vindur upp í 25 m/sek í hviðum. Þar sem ekki var langur tími síðan vindur hafði aukist var ekki mikill sjór eða einungis þriggja metra ölduhæð og hreyfðist skipið lítið.

Skipverjar sem unnu á efra þilfari voru útbúnir hjálmum, stígvélum með stáltá, regnbuxum og vinnuflotúlpum. Skipverjar voru öllu jöfnu í talstöðvarsamskiptum við brú og sín á milli meðan verið var að hífa og kasta. Talstöðvarnar voru hins vegar ekki notaðar við aðra vinnu á þilfari.

Þrír skipverjar voru við vinnu við veiðarfærið meðan skipið var á togi. Hnútur kom á bakborðshlið skipsins með þeim afleiðingum að það kastaðist yfir á stjórnborðshliðina. Bobbingalengja, sem hafði verið dregin aftur að skuthliði, lá óbundin á miðju þilfarinu. Tveir menn voru að gera við veiðarfærið þegar lengjan kastaðist yfir á stjórnborðshlið rennunnar þar sem mennirnir urðu á milli. Tókst þriðja manningnum sem einnig var á efra þilfarinu að setja gils í lengjuna, hífa í hana og losa mennina.

Ekkert samband var milli skipstjórnarmanna og þeirra sem voru að vinnu á efra þilfarinu. Það var ekki fyrir en menn sem voru á vinnsluþilfari komu upp í brú 5-10 mínútum eftir atburðinn að skipstjórinn frétti hvað hafði gerst.

Annar manna fékk mikið högg á hægri hnéd og var talið að hann væri mikið slasaður. Hinn maðurinn sem festist slasaðist mun minna og kom í ljós eftir skoðun á sjúkrahúsi að hann hafði tagnað á fæti.

Var farið með hinn meira slasaða í sjúkrahvergi skipsins þar sem honum var gefið verkjalyf.

Haft var samband við Landhelgisgæsluna og vakthafandi lækni hennar. Voru honum sendar myndir af áverkum hins slasaða og í framhaldinu var ákveðið að sigla með hann til Ísafjarðar.

Haft var samband við Sjúkrahúsið á Ísafirði og sá sem varð fyrir svörum þar taldi ekki hægt að taka á móti hinum slösuðu fyrir en klukkan átta um morguninn. Þó var sendur sjúkrabíll við komu skipsins til Ísafjarðar um kl. 03:00.

Hinn meira slasaði var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði með sjúkrabílnum en sá sem var minna slasaður var keyrður af lögreglu á sjúkrahúsið. Þegar þangað kom taldi sá er var á vakt á sjúkrahúsinu sig ekki geta skráð þá inn og lagði til að lögreglan hýsti mennina til morguns sem lögreglan hafnaði. Mönnunum var því komið fyrir í herbergi á sjúkrahúsinu með tveimur rúmum og fengu þeir að vera þar til morguns.

Um morguninn kom enginn að vitja þeirra og að lokum fór sá sem var minna slasaður fram og kom þá í ljós að það vissi enginn af þeim.

Í ljós kom að hinn meira slasaði hlaut ekki varanlegan miska að því að best er vitað en er ekki kominn til vinnu þegar þetta er ritað. Sá er minna slasaðist tagnaði á fæti og var orðinn vinnufær skömmu síðar.

3. Greining

Telja má mestu mildi að ekki skyldi fara verr. Að sögn skipstjóra var áhöfnin meðvituð um að það ætti að festa veiðarfæri sem unnið væri við þegar eitthvað var að veðri.

Að sögn hins slasaða var ekki rétt að vinna við veiðarfærið í því veðri sem var þarna. Taldi hann að það hefði verið hægt að gera það þegar veðrið hafði gengið niður.

Engar staðfestar verklagsreglur varðandi móttöku á slösuðum sjómönnum sem koma á sjúkrahúsið á Ísafirði voru til staðar.

4. Niðurstöður

Ástæðu slyssins má rekja til þess að verið var að vinna við botnvörpu og ekki tryggt að hún væri fest öruggum hætti.

5. Tillaga í öryggisátt

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða að komið sé á verklagi sem tryggir að sjómenn sem þangað þurfa að leita á öllum tímum sólarhrings fái tilskylda umönnun.

Lokaskýrsla samþykkt á fundi 24.mars 2025 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Geirprúði Alfreðsdóttur, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Jóni Finnbjörnssyni

